

þeirra milli vinnustaða og sér um viðhald þeirra, en umsjónarmaður skurð- 59
grafnanna ræður verkstjóra til þeirra. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um 19. maí
rekstur skurðgrafnanna.

6. gr.

Af kostnaði þeim, er leiðir af starfrækslu skurðgrafnanna, þar með
talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og vátrygging, þar sem þess er
þörf, greiðir ríkissjóður $\frac{1}{3}$, $\frac{1}{3}$ heimilast landþurkunar- eða áveitufélögunum
að útvega sér að láni, en $\frac{1}{3}$ skulu landeigendur leggja fram sjálfir, um leið
og verkið er framkvæmt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

um

breyting á áfengislögum, nr. 64, 7. maí 1928.

60
19. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist:

Heimilt er að ákveða í reglum þessum, að brot gegn þeim varði sektum,
frá 100 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggja við eftir lögum þessum.

2. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:
Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld o. s. frv.

3. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist þriðja málsgr., svo hljóðandi:
Hver, sem aflar sér áfengis undir því yfirskini, að hann þurfi á því að halda í lögleyfðum tilgangi, en notar það til nautnar, skal sæta sektum.

4. gr.

a. Fyrsta málsgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Láti læknir af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, hvort heldur er handa mönnum eða dýrum, án þess að hafa gengið úr skugga um það með rannsókn, að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, eða hann misbeitir á annan veg lækningaleyfi sínu, til að útvega mönnum áfengi til neyzlu, eða hann brýtur reglur þær, er settar eru eða settar verða til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til nautnar, heldur aðeins til lækninga, skal hann sæta refsingu samkvæmt 38. gr. þessara laga.

b. Síðasta málsgr. 21. gr. falli burt.

5. gr.

Fyrir orðin í 27. gr. laganna »auk sektar skal greiða 40 krónur á hvern lítra þess áfengis, er innflutt er« komi: Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, er innflutt er.

6. gr.

Fyrir orðin í 30. gr. laganna »Brot gegn 6. gr. varða sektum samkv. 27. gr. 1, og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi«, komi:

Brot gegn 6. gr. varða sektum, 500—5000 krónum, og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, ef áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun.

7. gr.

Fyrri málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn fyrri málsgr. 11. gr. eða gegn þeim reglum, er settar eru eða settar verða samkv. annari málsgr. sömu greinar, eða gegn þeim öðrum ákvæðum þessara laga, sem banna að veita, gefa, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna, varða sektum frá 500 til 5000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1000 til 10000 krónum.

8. gr.

Síðasta málsgr. 38. gr. laganna falli burt.

9. gr.

60

19. maí

Fjórða málsgr. 45. gr. laganna orðist svo:

Brot á þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um meðferð vinnanna, varða sektum samkvæmt þessum lögum, og má í reglunum kveða svo á, að refska skuli fyrir hlutdeild í brotum á reglugerðarákvæðunum.

10. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlzt staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra inn í meginmál áfengislaga, nr. 64, 7. maí 1928, og gefa þau út þannig breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.